



## FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2021

Miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 11:15 var aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð.

### Mætt voru:

#### Fulltrúar aðildarsveitarfélaga frá:

Akranesi  
Hvalfjarðarsveit  
Borgarbyggð  
Skorradalshreppi  
Eyja- og Miklaholtshreppi  
Snæfellsbæ  
Grundarfjarðarbæ  
Stykkishólmsbæ  
Helgafellssveit  
Dalabyggð

### Stjórnarmenn:

Karitas Jónsdóttir, Akranesi  
Auður Kjartansdóttir, Snæfellsbæ  
Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmi.  
Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Borgarbyggð.

### Starfsmenn:

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri  
Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Karitas Jónsdóttir formaður heilbrigðisnefndar setti fundinn og stakk upp á Hrefnu B. Jónsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt.

### Dagskrá:

#### 1. Skýrsla Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2020.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta ár, sem var að mörgu leiti óvenjulegt. Formannsskipti urðu á miðju ári, nýr framkvæmdastjóri tók við starfi í lok sumars. Formaður greindi frá því að nauðsynlegt er að fjölga heilbrigðisfulltrúum ef embættið á að ná að sinna öllu lögbundnu eftirliti, nánar er fjallað um þetta í ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins.

#### 2. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur í ársuppgjöri 2020. Viðsnúningur varð í rekstri heilbrigðiseftirlitsins frá haustmánuðum til áramóta og uppgjör sýnir jákvæða rekstrarniðurstöðu. Ársreikningar verða aðgengilegir á vef eftirlitsins [www.hev.is](http://www.hev.is).

#### 3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2020.

Framkvæmdastjóri kynnti ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins. Tölfræði eftirlits og helstu verkefni voru kynnt. Á skrá eru 771 fyrirtæki og um 1000 eftirlitsskyldir staðir. Ársskýrslan verður aðgengileg á vef eftirlitsins [www.hev.is](http://www.hev.is).

**4. Umræður um skýrslu heilbrigðisnefndar, heilbrigðiseftirlits og ársreiknings 2020.**

Nokkrar umræður urðu um starf og rekstur heilbrigðiseftirlitsins á síðasta ári. Rætt var nýja gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins og eftirlitsgjöld á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri og formaður svöruðu fyrirspurnum.

*Ársreikningur samþykktur samhljóða.*

**5. Önnur mál.**

**a. Ný samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.**

Framkvæmdastjóri kynnti drög að nýrri/uppfærðri samþykkt um HeV.

Stofnsamningur um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er frá árinu 1999, breytingar voru gerðar á samningnum árið 2012. Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur rætt og farið yfir drög að nýrri samþykkt á síðustu fundum nefndarinnar og samþykkt að leggja hana fyrir aðalfund 2021. Formaður benti á að eftir samþykki aðalfundar þarf að birta nýja samþykkt í B-deild stjórnartíðinda.

*Aðalfundur samþykkir að fela eigendafundi að fjalla um og afgreiða nýja samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Eigendafundur mun verða haldinn í maí 2021.*

**b. Sameiginleg samþykkt um hundahald í sveitarfélögum á Vesturlandi.**

Framkvæmdastjóri ræddi þá hugmynd um að sveitarfélögin 10 á Vesturlandi myndu sameinast um eina samþykkt er varðar hundahald á Vesturlandi og að í slíkri samþykkt gætu verið sérákvæði fyrir hvert sveitarfélag ef þyrfti. Þá var einnig rætt um að hægt væri að sameinast um aðrar samþykktir t.d um umgengni og úrgangsmál.

*Aðalfundur tekur jákvætt í að ein sameiginleg samþykkt um hundahald verði gerð og felur framkvæmdastjóra að vinna að gerð hennar.*

Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn.

**Fundi slitið kl. 12:30**